

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 102/2004

frá 9. júlí 2004

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun nr. 189 frá 18. júní 2003 sem miðar að því að koma á evrópsku sjúkratryggingakorti í stað eyðublaða sem eru nauðsynleg til beitingar reglugerða ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 að því er varðar aðgang að heilsugæslu meðan á tímabundinni dvöl stendur í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki eða búseturíkinu ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun nr. 190 frá 18. júní 2003 um tækniforskriftir fyrir evrópska sjúkratryggingakortið ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun nr. 191 frá 18. júní 2003 um að evrópska sjúkratryggingakortið komi í stað eyðublaðanna E 111 og E 111 B ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 3.64 (ákvörðun nr. 188) í VI. viðauka við samninginn:

„3.65 **32003 D 0751:** Ákvörðun nr. 189 frá 18. júní 2003 sem miðar að því að koma á evrópsku sjúkratryggingakorti í stað eyðublaða sem eru nauðsynleg til beitingar reglugerða ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 að því er varðar aðgang að heilsugæslu meðan á tímabundinni dvöl stendur í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki eða búseturíkinu (Stjtíð. ESB L 276, 27.10.2003, bls. 1).

3.66 **32003 D 0752:** Ákvörðun nr. 190 frá 18. júní 2003 um tækniforskriftir fyrir evrópska sjúkratryggingakortið (Stjtíð. ESB L 276, 27.10.2003, bls. 4).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 276, 27.10.2003, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtíð. ESB L 276, 27.10.2003, bls. 4.

⁽⁴⁾ Stjtíð. ESB L 276, 27.10.2003, bls. 19.

Í samræmi við lið 3.3.2 í I. viðauka við ákvörðunina verða Evrópustjórnurnar ekki notaðar á evrópskum sjúkratryggingakortum sem gefin eru út í EFTA-ríkjunum sem eiga aðild að EES. Þessum ríkjum skal þó heimilt að bæta stjórnunum við síðar ef þörf gerist.

3.67 **32003 D 0753**: Ákvörðun nr. 191 frá 18. júní 2003 um að evrópska sjúkratryggingakortið komi í stað eyðublaðanna E 111 og E 111 B (Stjtið. ESB L 276, 27.10.2003, bls. 19).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana nr. 189, 190 og 191, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. júlí 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.